

**536. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 25. mars 2020 og
hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Þóra Marý Arnórsdóttir formaður, Smári Karlsson aðalmaður, Lína Björg Tryggvadóttir aðalmaður og Daníel Jakobsson aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075

Lagður er fram tölvupóstur Guðjóns Bragasonar, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. febrúar sl., vegna frumvarps sem ætlað er að stýra þróun eignarráða og nýtingar fasteigna ásamt frumvarpinu sem er í samráðsgátt. Bæjarráð vísar frumvarpinu til umsagnar í skipulags- og mannvirkjanefnd.

Lagt fram til kynningar.

2. Umsókn um lóð - Mávagarður E - 2019110063

Brynjar Ingason, f.h. Kampa ehf., sækir um hluta af lóð E á Mávagarði á Ísafirði miðað við að núverandi lóð yrði skipt í tvennt.

Fylgiskjöl eru undirrituð umsókn dags. 24. febrúar 2020 og loftmynd.

Hafnarstjórn tekur jákvætt í erindið og vísar málinu til skipulags- og mannvirkjanefndar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila Kampa ehf. að gera breytingu á deiliskipulagi Mávagarðs, þar sem lóðinni Mávagarður E yrði skipt upp.

3. Garðavegur 1 í Hnífsdal, umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2020020007

Markús Kristinn Magnússon sækir um endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir Garðaveg 1 í Hnífsdal. Fylgiskjöl eru undirrituð umsókn dags. 5. febrúar 2020 og mæliblað tæknideildar dags. 27. febrúar 2020.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila endurnýjun lóðaleigusamnings vegna fasteignar að Garðavegi 2, Hnífsdal.

4. Kláfur upp Eyrarhlíð - 2019070011

Lögð fram ódagsett viljayfirlýsing af hálfu Ísafjarðarbæjar vegna Eyrarkláfs.

Skipulags og mannvirkjanefnd vísar viljayfirlýsingu til bæjarstjórnar og leggur til

við bæjarstjórn að heimila framkvæmdaraðila að hefja skipulagsvinnu vegna framkvæmda.

5. Sundstræti 26, umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2019120051

Salvar Ólafur Baldursson sækir um endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir Sundstræti 26 á Ísafirði skv. umsókn dags. 13. desember 2020. Fylgiskjal er mæliblað tæknideildar dags. 24. febrúar 2020.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila endurnýjun lóðarleigusamnings vegna fasteignar að Sundstræti 26, Ísafirði.

6. Hlíðarvegur 22, endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2019120045

Lóa Guðrún Guðmundsdóttir sækir um endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir Hlíðarveg 22, Ísafirði. Fylgiskjöl eru undirrituð umsókn dags. 11. desember 2019 og mæliblað tæknideildar dags. 20. febrúar 2020.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila endurnýjun lóðarleigusamnings vegna fasteignar að Hlíðarvegi 22 Ísafirði.

7. Heiðarbraut 8, Hnífsdal. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2020030048

Hrefna Ragnheiður Magnúsdóttir og Magnús Ingi Bjarnason sækja um endurnýjun á lóðarleigusamningi við Heiðarbraut 8, Hnífsdal. Fylgiskjöl eru undirrituð umsókn dags. 11. mars 2020 og mæliblað tæknideildar dags. 18. mars 2020.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila endurnýjun lóðarleigusamnings vegna fasteignar að Heiðarbraut 8, Hnífsdal.

8. Brimnesvegur 20, umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2020010034

Hermann Þorsteinsson f.h. Hrafnsauga ehf. sækir um endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir Brimnesveg 20 á Flateyri. Fylgigögn eru undirrituð umsókn dags. 14. janúar 2020 og mæliblað tæknideildar dags. 20. febrúar 2020.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila endurnýjun lóðarleigusamnings vegna fasteignar að Brimnesvegi 20, Flateyri.

9. Bakkavegur 17, umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2020030057

Steiney Ninna Halldórsdóttir og Agnar Ebeneser Agnarsson sækja um endurnýjun á lóðarleigusamningi við Bakkaveg 17, Hnífsdal. Fylgiskjöl eru undirrituð umsókn dags. 13. mars 2020 og mæliblað tæknideildar dags. 18. mars 2020.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila endurnýjun lóðarleigusamnings vegna fasteignar að Bakkavegi 17, Hnífsdal.

10. Sjávargata 12, Þingeyri. Umsókn um atvinnuhúsalóð - 2020020041

Viðar Magnússon f.h. Sæverks ehf. sækir um lóð við Sjávargötu 12 á Þingeyri undir léttan iðnað. Fylgiskjöl eru undirrituð umsókn, ódagsett, en móttekin 21.02. 2020 og yfirlitsmyndir af svæðinu.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Viðar Magnússon f.h. Sæverks ehf., fái lóð við Sjávargötu 12, Þingeyri, skv. núgildandi skipulagi og umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísaffarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

11. Ósk um land í fóstur við Engidalsá, fyrir fuglalíf - 2020020055

Leifur Bremnes sækir um að fá land í fóstur við Engidalsá fyrir neðan Funa. Hugmyndin er að gera athvarf fyrir villta fugla og koma upp aliöndum, einnig koma upp minkagildrum. Meðfylgjandi er umsókn dags. 23. febrúar 2020.

Erindi frestað

12. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar - endurskoðun - 2015100008

Lögð fram skipulagslýsing frá ARKÍS dags. 19.03.2020, vegna endurskoðunar Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila að skipulagslýsing verði kynnt opinberlega skv. skipulagslögum 123/2010. Lýsingin verði tekin til meðferðar í samræmi við VII kafla skipulagslaga nr. 123/2010.

13. Fyrirspurn um aðgengismál fatlaðra - 2020030073

Lögð fram fyrirspurn frá Sigfríði Hallgrímsdóttur, í bréfi dags. 18. febrúar 2020 um aðgengismál og úrbætur með hliðsjón af aðgengismálum fatlaðra.

Skipulags- og mannvirkjanefnd þakkar bréfitara fyrir þarfa ábendingu og bendir jafnframt á að vinna vegna aðgengismála er hafin. Þarfagreining hefur verið unnin af hálfu Verkís vegna fasteigna og þjónustustofnana, einnig er umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar að vinna að úttekt á gönguleiðum og stígakerfi sveitarfélagsins.

Skipulags- og mannvirkjanefnd felur sviðsstjóra að gera ráð fyrir úrbótum í fjárhagsáætlunargerð.

14. Brimbrjótur, Suðureyri - umsókn um lóð fyrir atvinnuhúsnæði - 2019120040

Lagt fram samkomulag ásamt viðaukum vegna uppbyggingar Fisherman ehf., um uppbyggingu á Iðnaðar- og athafnasvæði sem skilgreint er sem B20 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Fylgiskjal I, samkomulag ódagsett

Fylgiskjal II, Uppdráttur frá Verkís U20.001 dags. 14.02.2020

Fylgiskjal III, Uppdráttur frá Verkís U20.002 dags. 14.02.2020

Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar erindi til bæjarráðs.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15

Anton Helgi Guðjónsson

Þóra Marý Arnórsdóttir

Smári Karlsson

Lína Björg Tryggvadóttir

Daníel Jakobsson

Axel Rodriguez Överby